



Ársuppgjör 2018

Kynningarfundur 31. janúar 2019

Finnur Oddsson, forstjóri



.or!go.

Dagskrá

Niðurstöður
Fréttir af starfsemi
Fjárhagur
Horfur




Helstu upplýsingar

	2018 F4		2018 1.1. - 31.12.	
Tekjur*	4.461 mkr	13,1% YOY	15.717 mkr	4,3% YOY
Framlegð	1.185 mkr	26,6% af tekjum	4.173 mkr	26,6% af tekjum
Heildarhagnaður	5.285 mkr	118% af tekjum	5.420 mkr	34,6% af tekjum
EBITDA	423 mkr	9,5% af tekjum	1.128 mkr	7,2% af tekjum



*Tekjur Tempo ekki í rekstrartölum frá og með 20. nóvember 2018, um 300mkr



.or!go.

Fréttir af starfsemi

Fréttir af starfsemi samstæðu Origo

- Afkoma Origo á árinu 2018 sú besta í sögu félagsins
- Origo varð til í upphafi ársins með samruna þriggja félaga
- Endurmörkun félagsins gengið mjög vel
 - Sterk staða sem leiðandi þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni
 - Aukin hagkvæmni og betri afkoma Origo
- Lausnaframboð á sviði hugbúnaðar- og viðskiptalausna verið eflt á árinu
 - Þróun eigin lausna og kaup á fyrirtækjum og rekstrareiningum
- Origo seldi ríflega helmingshlut í Tempo í nóvember
 - Eftir söluna er fjárhagur fyrirtækisins mjög sterkur
 - Félagið á þeim stað að geta stutt bæði við innri og ytri vöxt
- Gert ráð fyrir að nú fari í hönd nýr kafli þróunar og tekjuvaxtar hjá Tempo og að virði félagsins geti aukist verulega á næstu misserum
 - Lögð áhersla á að Origo haldi áfram verulegum eignarhlut í félaginu
- Origo hefur ekki áður verið í jafn sterkri stöðu til að sækja fram eða takast á við óvænt áföll
 - Blikur á lofti á vinnumarkaði og í íslensku efnahagslífi



.origo.



Fréttir af starfsemi

- Tekjur **Hugbúnaðarlausna** voru 645 mkr á fjórða ársfjórðungi (28% YoY) og 2.129 mkr árið 2018 (7,7% YoY)
 - Áfram góð eftirspurn eftir þjónustu hugbúnaðarsérfræðinga og ráðgjafa
 - Góð eftirspurn eftir öryggislausnum og tengdri ráðgjöf auk sölu á eigin lausnum og hugbúnaði frá samstarfsaðilum
 - Ný lausn fyrir ferðaþjónustuna var kynnt í fjórða ársfjórðungi, Cover, sem er hótélbókunarkerfi í skýinu
 - Stöðug vinna við uppfærslu Sögu-kerfis Heilbrigðislausna
- Tekjur **Viðskiptalausna** voru 420 mkr á fjórða ársfjórðungi (59% YoY) og 1.494 mkr árið 2018 (52% YoY)
 - Aukið lausnaframboð með tilkomu Dynamics NAV, Timian innkaupakerfis og verkefna tengda vefverslunum
 - Umfangsmikil erlend verkefni skiluðu auknum tekjum með veikingu krónunnar
 - Góður vöxtur í áskriftartekjum af eigin hugbúnaði
 - Eftirspurn eftir Kjarna, mannauðs- og launalausn var góð
 - Unnið að innleiðingu netbanka og annara lausna hjá nokkrum fjármálafyrirtækjum
 - Áfram fjárfest í nýsköpun og vöruþróun
 - Origo keypti 60% hlut í Sendli Unimaze ehf. sem sérhæfir sig í rafrænum viðskiptum – eykur enn frekar breidd lausnaframboðs

Fréttir af starfsemi

- Tekjur **Rekstrarþjónustu og innviða** voru 1.351 mkr á fjórða ársfjórðungi (10,5% YoY) og 4.431 mkr árið 2018 (-3% YoY)
 - Þjónustutekjur jukust en sala á miðlægum búnaði dróst saman
 - Góð eftirspurn eftir tíma sérfræðinga í útseld verkefni
 - Nýrri þjónustu ýtt úr vör í lok árs, Gagnaský Origo
 - Fyrstu viðskiptavinir farnir að nýta sér þjónustuna
 - Fyrirhuguð að geymslurým d í þjónustunni vaxi hratt eftir eftirspurn
- Tekjur **Notendalausna** voru 1.348 mkr á fjórða ársfjórðungi (6,2% YoY) og 4.630 mkr árið 2018 (5,4% YoY)
 - Aukin stafræn áhersla og sjálfvirknivæðing í verslunarhlutanum
 - Mikil áhersla á netverslun Origo sem hefur margfaldað tekjur sínar á árinu
 - Góð eftirspurn eftir lausnum frá Sony, Bose og Lenovo
 - Mikil umsvif í hljóð- og myndlausnum, einkum fyrir ferðaðþjónustufyrirtæki
 - Verkefnastaða góð og útlit fyrir góðan vöxt og bætta afkomu



Fréttir af starfsemi


- Tekjur **Applicon AB** námu SEK 24,8 mkr (8,5% YoY) á fjórða ársfjórðungi og SEK 89 mkr árið 2018 og stóðu í stað á milli ára
 - Góð eftirspurn eftir þjónustu ráðgjafa, nýráðningar á árinu
 - Þungamiðja í starfsemi kjarnabankakerfi fyrir SBAB og Landshypotek banka – AC eina fyrirtækið með tvo viðskiptavinum á sama kerfinu
 - Gangsetning á fyrstu lausnum fyrir SBAB gekk vel
 - Afkoma ársins lægri en árið á undan, vegna nýtingar og fjárfestingar í lausnaþróun
 - Búið við mikilli eftirspurn eftir þjónustu ráðgjafa áfram og að aukin reynsla nýrra ráðgjafa muni skila bættri afkomu



Tempo

Origo selur 55% hlut í Tempo

- Diversis Capital keypti um 55% hlut í Tempo ehf. þann 19. nóvember 2018
- Heildarvirði Tempo ehf. í samningnum er USD 62,5 milljónir
- Söluverðið nam 3.643 mkr að frádregnum sölukostnaði
- Origo og Diversis lögðu inn USD 2 milljónir sem nýtt hlutafé inn í félagið
- Heildaráhrif á afkomu Origo hf. nema 5.104 mkr í rekstrarreikningi
- Tempo er hluti af samstæðu Origo til 19. nóvember 2018
- Eftir söluna er 45% eignarhlutur í Tempo ehf. meðhöndlaður sem hlutdeildarfélag
 - Rekstur Tempo hefur því ekki áhrif á rekstrarreikning frá 19. nóvember
 - Inn í efnahagsreikning sem „*Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi*“
 - Skráð í USD og því ber félagið töluverða gengisáhættu (nánar í skýringu 27 í ársreikningi)
 - Afkoma Tempo birt undir sér línu í rekstrarreikning „*Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags*“.
 - Afkoma Tempo frá 19. nóvember til 31. desember var neikvæð um 22 mkr
 - Nánar um áhrif sölnnar á efnahagsreikning Origo má finna í ársreikningnum í skýringu 6.
- Velta Tempo á árinu 2018 námu um USD 22m og jókst um rétt 25% frá 2017
- Stöðug aukning veltu og jákvæður rekstur
- Mikill tími stjórnenda farið í sölufarli
- Diversis leiða stefnumörkun Tempo, með stuðningi Origo
 - Stjórn skipuð af Diversis (3) og Origo (2)
 - Starfsmenn Diversis og „Operating Partners“ verja miklum tíma í greiningu á rekstri, stefnumótun og stuðning við stjórnun og ákvörðunartöku
 - Fagleg og kraftmikil vinna sem lofar góðu



.or!go.

Fjárhagur




Lykiltölur úr rekstri árið 2018


Tekjur 15.717 mkr	EBITDA 1.128 mkr	EBITDA% 7,2%	Framlegð% 26,6%
Laun og launat. gj/tekjur 41,1%	Rekstrarkostnaður/ tekjur 23,4%	Hagnaður tímabils/ tekjur 34,6%	DSO 22
Eiginfjárlutfall 66,1%	Veltufjárlutfall 1,95	Veltuhraði Birgða 4,8	Handbært fé í lok tímabilsins 3.175 mkr

Rekstrarreikningur árið 2018

EBITDA (í þkr)





Tekjur (í þkr)



Í milljónum ISK	2018 1.1.-31.12.	2017 1.1.-31.12.
Seldar vörur og þjónusta	15.717	15.064
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þj.	(11.543)	(11.282)
Framlegð	4.173	3.783
Rekstrarkostnaður	(3.682)	(3.444)
Rekstrarhagnaður	491	339
Hreinar fjármunatekjur (fjármagsgjöld)	5.064	99
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(22)	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.534	437
Tekjuskattur	(94)	(4)
Hagnaður tímabilsins	5.440	433
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(20)	(0,1)
Heildarhagnaður tímabilsins	5.420	433
EBITDA	1.128	928



Rekstrarreikningur fjórða ársfjórðungs 2018





Í milljónum ISK	F4 2018	F4 2017
Seldar vörur og þjónusta	4.461	3.944
Vörunotkun og kostn.verð seldrar þj.	(3.276)	(2.901)
Framlegð	1.185	1.044
Rekstrarkostnaður	(895)	(965)
Rekstrarhagnaður	290	79
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	5.094	76
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(22)	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.362	155
Tekjuskattur	(58)	19
Hagnaður tímabilsins	5.305	174
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(20)	(6)
Heildarhagnaður tímabilsins	5.285	167
EBITDA	423	246

Stígandi í rekstri Origo á árinu


Rekstur Origo hefur styrkst með hverjum fjórðungi á árinu 2018

- Mest jákvæð breyting hjá Origo móðurfélagi, úr EBITDA 10m á F1 í 264m á F4 –
- Seinni helmingur mun betri en fyrr hjá Tempo, óveruleg breyting á milli F3 og F4
- Afkoma Applicon ekki viðunandi á árinu, síst á F2
- Jákvæð þróun afkomu endurspeglar að hluta afrakstur nýs vörumerkis, sameiningar, skipulagsbreytinga og skarpari áherslna í rekstri




Efnahagsreikningur

Eiginfjárlutfall



Veltufjárlutfall



Í milljónum ISK	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	5.724	3.817
Veltufjármunir	6.625	3.218
Eignir samtals	12.349	7.035
Eigið fé	8.194	2.928
Langtímaskuldir	757	1.637
Skammtímaskuldir	3.397	2.470
Eigið fé og skuldir samtals	12.349	7.035


Fjármagnsskipan og arðgreiðslustefna

- Arðgreiðslustefna
 - „Markmið Origo hf. er að greiða á bilinu 20-40% hagnaðar hvers árs sem arð. Endanleg tillaga stjórnar um arðgreiðslu mun þó ráðast af fjárhagslegri stöðu félagsins, fjárfestingaþörf og markaðsaðstæðum hverju sinni“.
 - „Það er markmið félagsins að efnahagur samstæðunnar sé sterkur til að styðja við stöðuleika í framtíðarþróun starfseminnar og viðhalda trú fjárfesta, lánveitanda og markaðarins á starfseminni. Jafnframt að hámarka ávöxtun hagsmunaaðila með því að finna hagkvæmustu samsetningu eiginfjár og skuldsetningar.
- Endurkaupaáætlun
 - Heimild stjórnar frá síðasta aðalfundi (2. mars) til að kaupa allt að 10% af hlutafé félagsins
 - Tilkynnt var um endurkaupaáætlun þann 12. desember 2018, á allt að 2,5% af útgefnu hlutafé
 - Nýtt til lækkunar hlutafjár og til að uppfylla kaupréttaráætlun félagsins (áætlun lýkur í mars 2019)
- Arður og skuldsetning
 - Stjórn leggur til við aðalfund Origo 7. mars nk. að greiddur verði út arður að upphæð 1.000 milljónir króna.
 - Stjórn sér vaxtartækifæri á markaðnum og telur arðstillöguna ekki skerða möguleika til nýtingar þeirra.
 - Til lengri tíma eru markmið um skuldsetningu að nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA séu 1-2x EBITDA og eiginfjárlutfall sé yfir 40%




Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri (m. ISK)



Þróun á handbæru fé á þriðja ársfjórðungi (m. ISK)



Í milljónum ISK	1.1.-31.12. 2018	1.1.-31.12. 2017
Handbært fé frá rekstri	1.217	688
Fjárfestingarhreyfingar	2.453	(919)
Fjármögnunarhreyfingar	(802)	(344)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.867	(574)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	11	(1)
Handbært fé í ársbyrjun	297	872
Handbært fé í lok tímabilsins	3.175	297


IFRS 16: Nýr staðall frá 1. janúar 2019

- Samstæðunni ber að innleiða **IFRS 16, Leigusamningar** í janúar 2019, sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning
- Eðli kostnaðar tengdum þessum leigusamningum mun breytast þar sem samstæðan mun afskrifa nýtingarétt og færa vaxtagjöld af leiguskuld en áður voru leigugreiðslur færðar meðal rekstrargjalda
- **IFRS verður beitt frá 1.janúar 2019**
- Miðað við tiltæk gögn er talið að 1. janúar verði færðar eftirfarandi færslur í efnahagsreikningi:
 - Leiguskuld að upphæð 1.501 mkr
 - Nýtingarréttur að fjárhæð 1.304 mkr, á móti skuldinni
 - Leigukrafa að fjárhæð 197 mkr, á móti skuldinni
- Innleiðing staðalsins mun ekki hafa áhrif á bókfært eigið fé
- **Nánari upplýsingar má finna í ársreikningnum í skýringu 35**



Gengi hlutabréfa í Kauphöll

Gengi hlutabréfa Origo



- Skráð á aðallista frá 1995
- Útgefnir hlutir 31.12.2018: 463 mkr
- Markaðsvirði:
 - 31.12.2016 - 9.180 mkr
 - 31.12.2017 - 12.294 mkr
 - 31.12.2018 - 11.740 mkr
- Fjöldi hluthafa: 577

Hluthafar - 10 stærstu	%
Vogun hf.	10,8%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	9,9%
Birta lífeyrissjóður	9,9%
Kvika banki hf.	8,4%
The Wellington Trust Company	6,6%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	4,5%
Arion banki hf.	4,1%
Lífsverk lífeyrissjóður	3,5%
Landsbankinn hf.	2,6%
IS Hlutabréfasjóðurinn	2,6%

.or!go.

Horfur





Horfur í rekstri

- Origo hefur ekki áður verið í jafn sterkri stöðu til að sækja fram
- Vörumerki félagsins mjög sterkt og samkvæmt mælingum þekkja 91% landsmanna vörumerkið Origo
- Gert ráð fyrir að Tempo hefji nýjan kafla í þróun og tekjuvexti með stuðningu Origo og Diversis, mikilvægt hagsmunamál fyrir hluthafa Origo að halda verulegum eignarhlut í félaginu áfram
- Góður árangur móðurfélagsins á árinu
- Verkefnastaða allra eininga Origo er góð og rekstrarhorfur eru ágætar
- Gerum ráð fyrir hóflegri tekjuaukningu og heldur bættri afkomu á milli ára
- Blikur á lofti á vinnumarkaði og í íslensku efnahagslífi

Spurningar?

.or!go.

Fyrirvari

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Þessi kynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.



.or!go.